

Allir hafa eitthvað til að ganga á

:: Allir hafa eitthvað til að ganga á.
teygðu fram löppina og lof mér að sjá ::

Fíllinn hefur feitur tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

:: En allir hafa...

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er klár að láta sig fljóta.

:: Og allir hafa...

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúunum hendast aþarnir,
á rassinum leppalúðarnir.

:: En allir hafa ...

